

Reglugjörð

75

um breytingu á Reglugjörð fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, 3. júlí 1895. 22. júní

Amtsráðið í Suðuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum 22. marz 1890, er hjermeð staðfest og löggilt eptirfylgjandi

Reglugjörð

um breytingu á Reglugjörð fyrir hreppana í Árnessýslu vestan Hvítár og Ölfusár um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld, meðferð á óskilafjenaði, grenjaleitir og refaveiðar, 3. júlí 1895, sem samin er af sýslunefndinni í tjeðri sýslu, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1905:

Við 27. gr.

Á eptir orðunum »fyrir Biskupstungnahrepp« falli burt orðin »1. þriðjudaginn«, en í stað þeirra komi »1. föstudaginn«.

Amtsråd Suðuramtsins, Reykjavík, 22. júní 1905.

J. Havsteen.

Guðlaugur Guðmundsson forseti amtsráðs Norðuramtsins kunngjörir: Samkvæmt lögum 22. marz 1890 um löggildar reglugjörðir sýslunefnda, efr. lög 24. 19. júní nóv. 1893, og með skirskotun til ályktunar amtsráðsins á aðalfundi þess 13.—15. þ. m., staðfesti jeg og löggildi eptirfylgjandi: 76

Reglugjörð

fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og fl.

I. kaffi.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

2. gr.

Hreppsnefndir geta, hver í sínum hreppi, gjört nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atríðum. Þó má eigi þar með raska reglugjörð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sje í öllu eptir ákvæðum hennar.